



Deildarstjóri í stjórnendateymi ásamt kennslu á unglingastigi

Leitað er eftir kennara í 80% starf deildarstjóra en viðkomandi mun sjá um stærðfræði- og íslenskukennslu á unglingastigi ásamt því að vera hluti af stjórnendateymi skólans og vera staðgengill skólastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfni, vera faglega sterkur og reiðubúinn að taka að sér ábyrgðarhlutverk og faglega forystu.

Helstu verkefni

- Er hluti af stjórnendateymi skólans og tekur virkan þátt í daglegri stjórnun hans og þróunarstarfi. Er staðgengill skólastjóra.
- Er faglegur leiðtogi: Leiðir innleiðingu endurskoðaðrar aðalnámskrár ásamt skólastjóra, situr teymisvinnufundi og hefur leiðsögn með leiðsagnarnámi í öllum skólanum, veitir kennurum og starfsfólki ráðgjöf og ýtir undir öfluga teymisvinnu og nýsköpun.
- Er lausnamiðaður og á í góðu samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.
- Sinnir kennslu í stærðfræði og íslensku á unglingastigi.
- Tekur að sér forfallakennslu og gæslu þegar við á.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf í kennslu.
- Leiðtogafærni, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- Mikil færni í samvinnu og teymisvinnu.
- Metnaður, áhugi og vilji til árangurs.
- Góð íslensku- og stærðfræðikunnátta.
- Þekking og reynsla af leiðsagnarnámi nauðsynleg.
- Reynsla af starfi með fjölbreyttum nemendahópi er æskileg.
- Sýnir metnað og áhuga á að ná fram því besta úr hverjum nemanda.
- Góð tæknikunnátta og hæfni til að tileinka sér nýjungar og nýsköpun í skólastarfi.

Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst 2026. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2026 og óskað verður eftir meðmælum.

Umsókn og ferilskrá sendist á skólastjóra á netfangið **annarosa@thelamork.is**.

Nánari upplýsingar um Þelamerkurskóla má finna á www.thelamork.is. Frekari upplýsingar veitir Anna Rósa Friðriksdóttir, skólastjóri, í síma 460-1770 eða á annarosa@thelamork.is.